

## REGLUGERÐ

### um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

###### *Hlutverk.*

Hlutverk reglugerðarinnar er að ákveða og skýra vöruval Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) út frá vöruvalsstefnu sem er byggð á stefnu stofnunarinnar, ákvæðum laga nr. 86/2011, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum og stefnu stjórnvalda í áfengismálum hverju sinni.

Á grundvelli vöruvalsstefnu eru skilgreindir söluflokkar, vöruvalsdeildir og vörudeildir sem stýra aðgengi vöru að vínbúðum í samræmi við eftirspurn og tryggja fjölbreytt vöruúrval sem mætir óskum og þörfum neytenda. Ákvörðun um sölumeðferð byggist á söluárangri sem er mældur með framlegð.

Í reglugerðinni er greint frá kröfum sem gerðar eru til vöru, umbúða hennar, merkinga og annarra atriða. Í skilmálum um viðskipti við birgja er skýrður ferill umsókna um sölu áfengis sem og hvernig standa skuli að samningi um vörukaup og pöntun. Fjallað er um afhendingarskilmála, ábyrgð birgja, verð og greiðslu.

ÁTVR skal leitast við að tryggja að söluvörur fyrirtækisins séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum sem birtar eru í viðauka 2 við reglugerð þessa.

##### 2. gr.

###### *Orðskýringar.*

*Áfengistegund:* Vara eða vörur með samskonar innihald og framsetningu, þótt einstök afbrigði séu ekki nákvæmlega eins.

*Framlegð:* Munur söluverðs og innkaupsverðs að frádregnum virðisaukaskatti.

*Framlegðarskrá:* Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.

*Söluflokkur:* Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að vínbúðum.

*Sölutegund:* Vara sem er frábrugðin öðrum vörum og fær sérstakt númer í skrá.

*Vörudeild:* Skilgreining á vörum með tiltekin einkenni sem ætlað er að tryggja breitt og heilsteypt vöruúrval m.t.t. til ólíkra vínbúða og að auka fjölbreytni og gæði vöruúrvals almennt.

*Vöruúrval:* Vörur fáanlegar í vínbúðum.

*Vöruval:* Val á vörum til sölu.

*Vöruvalsdeild:* Flokkun á vörum sem mótar meginsamsetningu vöruúrvals vínbúða. Við skilgreiningu flokka er einkum horft til hráefnis, framleiðsluáferða og umbúðagerðar.

##### 3. gr.

###### *Vöruvalsstefna.*

ÁTVR skal stefna að fjölbreytni og gæðum í vöruúrvali og skal ákveða vöruúrval vínbúða með hliðsjón af eftirspurn og væntingum viðskiptavina.

ÁTVR skal stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og ábyrgri umgengni við áfengi með vöruvali. Við vöruval skal farið að markmiðum laga um verslun með áfengi og tóbak.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

###### *Söluflokkar.*

Áfengi er skipt í fjóra söluflokka: Reynsluflokk, kjarna, mánaðarflokk og sérflokk.

##### 5. gr.

###### *Reynsluflokkur.*

Reynsluflokkur er ætlaður vöru sem birgjar bjóða til tilraunasölu í vínbúðum.

Vínbúðir sem selja vörur í reynsluflokki eru tilgreindar í d. lið í viðauka 1. Tímabil reynslusölu skal vera 12 mánuðir. Verði umsóknir um sölu í reynsluflokki fleiri en hægt er að veita viðtöku getur birgir skráð vöru á biðlista.

Nái sölutegund í reynsluflokki viðmiðunarframlegð sem ákvörðuð er á grunni 2. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar flyst hún í kjarna.

Vara sem ekki flyst í kjarna fellur úr reynsluflokki að loknum 12 mánaða reynslutíma.

Vara, sem felld hefur verið úr reynsluflokki, á ekki afturkvæmt í reynslusölu fyrr en að liðnum 12 mánuðum.

#### 6. gr.

##### *Kjarni.*

Kjarni er aðalsöluflokkur. Kjarna er ætlað að tryggja framboð á vörum sem njóta mestrar eftirspurnar kaupenda. Vörur í kjarna hafa forgang um dreifingu í vínbúðir.

Kjarni skal endurmetinn á fjögurra mánaða fresti samhliða endurskoðun á vöruúrvali vínúða.

Vara fellur úr kjarna nái hún eigi á 12 mánaða tímabili framlegð sem ákvörðuð er á grunni 2. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar.

Vara, sem felld hefur verið úr kjarna, getur flust í sérflokk skv. ákvörðun ÁTVR, eða hafið reynslusölu, þegar birgðir í eigu ÁTVR eru uppseldar.

#### 7. gr.

##### *Mánaðarflokkur.*

Mánaðarflokkur er ætlaður árstíðabundinni vöru. Til að vara teljist gjaldgeng í mánaðarflokk þarf framleiðsla vörunnar að vera árstíðabundin eða hefð fyrir sölu tengd viðkomandi árstíma.

Sölutímabil mánaðarflokks eru þorri, langafasta og jólamánuður. Sölutími þorra er frá bóndadegi til konudags. Sölutími lönguföstu er frá öskudegi til loka dymbilviku. Sölutími jólamánaðar hefst 15. nóvember og lýkur á þrettándanum. Dreifing fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.

#### 8. gr.

##### *Sérflokkur.*

Sérflokkur er ætlað að styðja við vöruvalsstefnu með því að auka fjölbreytni og gæði vöruúrvals og stuðla að því að það mæti óskum og þörfum viðskiptavina. Í sérflokkur er hægt að bjóða vöru í tímabundinni sölu utan mánaðarflokks.

#### 9. gr.

##### *Val í sérflokk.*

Til að vara komist í sérflokk þarf hún jafnan að hafa farið í reynslusölu eða kjarna og fallið úr þeim söluflokkum samkvæmt gildandi reglum. Innan mánaðar frá tilkynningu um fall vöru úr reynslu eða kjarna, getur birgir lagt fram rökstudda ósk um færslu vörunnar í sérflokk. Til að vara fari í sérflokk þarf ÁTVR að fallast á rökstuðning birgja og getur hafnað beiðninni á grundvelli eftirtalinna atriða:

- séu sambærilegar vörur þegar í sölu sem hafa hærri framlegð og/eða meiri gæði,
- séu gæði vörunnar ófullnægjandi,
- sé söluverð vörunnar of hátt miðað við gæði,
- að birgir geti ekki tryggt framboð vörunnar,
- sé ekki grundvöllur fyrir stofnun nýrrar vörudeildar fyrir vöru af því tagi sem boðin er.

ÁTVR getur valið vörur í sérflokk, án sérstakrar óskar birgja eða án undangenginnar sölu í reynslu eða kjarna í samræmi við 3. gr. reglugerðar þessarar.

## 10. gr.

*Dreifing vara í sérflokk.*

Ef ekki er til vara í kjarna í tiltekinni vörudeild sem mælt er fyrir um að hljóti almenna dreifingu samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar þá skal jafnan sótt vara í reynslu- eða sérflokk til að fylla það skarð.

Dreifing vegna sérstakrar eftirspurnar viðkomandi vínbúða eftir tilteknum vöruflokkum skal fara eftir framlegðarhæstu tegundum sérflokks í viðkomandi flokkum.

Sérhæfð dreifing er fyrir afmarkaða vöruflokka (bjór, sterkt áfengi, vín) sem hafa sérhæft vöruval í þeim vöruflokkum, umfram aðrar vínbúðir. Um dreifingu skal farið eftir 2. mgr. 16. gr. ásamt kvíaskjali. ÁTVR getur gert undantekningar varðandi einstakar vörur, t.d. takmarkað dreifingu dýrustu tegunda.

## 11. gr.

*Viðmiðunarmörk vöru.*

Til viðmiðunar um innbyrðis stöðu tegunda sem keppa um dreifingu er horft til framlegðar, mats á gæðum eða dreifingar sem sambærilegar vörur í sérflokk njóta.

ÁTVR getur ákveðið að velja eða hafna tegund á grundvelli gæða. ÁTVR getur við ákvörðun dreifingar ákveðið að jafna mismun sem orsakast af fyrri dreifingu.

Til viðmiðunar um stöðu einstakra tegunda óháð samkeppni er horft til framlegðar og eftirspurnar, breyttra gæða, t.d. vegna árgangaskipta og vörubreytinga, og framboðs.

## 12. gr.

*Aðrar vörur í sérflokk.*

Aðrar vörur í sérflokk eru:

- a. Árstíðabundnar vörur af ýmsu tagi sem ekki falla innan mánaðarflokks og vörur sem keyptar eru inn í takmörkuðu magni.
- b. Vörur í gjafaumbúðum, með eða án aukahluta.

## 13. gr.

*Sérpantanir.*

Vörur sem falla ekki undir 4.-12. gr. má sérpanta. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

ÁTVR getur ákveðið að sá er pantar skuli setja tryggingu fyrir því að kostnaður við kaup og flutning hinnar pöntuðu vöru fáist greiddur. Tryggingarfé endurgreiðist sé vara ófánleg.

## III. KAFLI

## 14. gr.

*Nærsvæði.*

Tilgangur nærsvæðis er annars vegar að gera vínbúðum kleift að mæta staðbundinni eftirspurn eftir vörum sem eru framleiddar utan höfuðborgarsvæðisins og hins vegar að auðvelda framleiðendum að kynna framleiðslu sína á heimasvæði.

Á nærsvæði er ein heimavínbúð, sem skal vera næsta vínbúð við framleiðanda í landfræðilegu tilliti, og tvær grenndarvínbúðir, sem framleiðandi velur úr nálægum vínbúðum skv. tillögu ÁTVR.

Í heimavínbúð skulu fást allar vörur framleiðanda sem eru í sölu hjá ÁTVR. Í grenndarvínbúð skulu fást allt að fjórar vörutegundir umfram venjulegt vöruval þeirrar vínbúðar, og skulu þær valdar af framleiðanda, óháð söluflokkum. Framleiðandi getur nýtt nærsvæði til að kynna vörur sem ekki eru fánlegar í öðrum vínbúðum ÁTVR.

ÁTVR birtir á birgjavef sínum skrá sem sýnir heimavínbúðir framleiðenda og tillögu ÁTVR um grenndarvínbúðir. Þar komi jafnframt fram val framleiðenda á grenndarvínbúð.

## IV. KAFLI

## 15. gr.

*Vöruvalsdeildir, framlegð og vörudeildir.*

Vörum er skipað í vöruvalsdeildir eftir gerð hráefnis og framleiðsluaðferðum, gerð umbúða og endingartíma. Vöruvalsdeildir stýra meginsamsetningu vöruúrvals kjarnategunda í vínbúðum. ÁTVR getur breytt skilgreiningu vöruvalsdeilda og framlegðarviðmiðum. Við slíka breytingu skal taka mið af vöruvalsstefnu 3. gr. reglugerðar þessarar.

ÁTVR skal halda utan um, og birta með sannanlegum hætti á heimasíðu ÁTVR eða öðrum hætti til birgja, vöruvalsdeildartöflu og framlegðarviðmið kjarna og reynslu.

Vöruvalstaflan skal endurskoðuð í janúar og júlí á ári hverju. ÁTVR er þó heimilt að breyta vöruvalsdeild á milli tímabila séu sérstakar ástæður fyrir því. Allar breytingar skulu þó birtar með tveggja mánaða fyrirvara.

Mánaðarlega skal ÁTVR birta á birgjavef sínum skrár um framlegð sölutegunda í kjarna, reynsluflokki og sérflokki. Framlegðarskrá sýnir sölu undanfarinna tólf mánaða eftir vöruvalsdeildum. Raða skal sölutegundum eftir framlegð frá mestu framlegð til þeirrar minnstu. Til grundvallar útreiknings framlegðar skal lögð heildarsala ÁTVR.

ÁTVR skal ákveða vörudeildir og birta með sannanlegum hætti á vefsvæði sínu. Vörudeildum er ætlað að styðja við vöruvalsstefnu. Á grundvelli vörudeilda skal ákvarða vöruúrval sérflokks og aukið val vínbúða. Samhliða endurskoðun vöruúrvals vínbúða skal ÁTVR birta skrá yfir vörudeildir og áætlaða dreifingu þeirra í vínbúðir eftir stærðarflokkum vínbúða.

## V. KAFLI

## 16. gr.

*Flokkun vínbúða og vöruval.*

Vínbúðir skiptast í þrjá flokka: minni vínbúðir, svæðisbúðir og stærri vínbúðir sbr. viðauka 1. ÁTVR getur breytt fjölda tegunda í vínbúðum og flokkun vínbúða ef ástæða er til.

Vöruúrval ræðst af stærðarflokki vínbúðar. Í hvern stærðarflokk skal skipað tilteknum vöruhópum, svokölluðum kvíum. Í kví eru vörur sem fylgjast að varðandi dreifingu í vínbúðir. Vörur veljast í kví í fyrsta lagi á grundvelli söluárangurs eins og hann er mældur í framlegðarskrá og í öðru lagi á grundvelli vörudeilda sem fylgja viðkomandi kví og sjá má á vörudeildaskrá.

Vöruúrval vínbúða skal endurmetið í janúar, maí og september ár hvert og skal nýtt vöruval koma til framkvæmda í febrúar, júní og október. Til grundvallar endurmats vöruúrvals skal nota framlegðarskrár undangengis janúar-, maí- og septembermánaðar. Fylla skal í vöruvalsdeildir kjarna samkvæmt töflu vöruvalsdeilda og skal velja framlegðarhæstu tegundir eftir röð á framlegðarskrá.

## 17. gr.

*Aukið vöruúrval.*

ÁTVR getur aukið vöruúrval vínbúða frá því sem getið er um í grein þessari til að uppfylla betur ákvæði vöruvalsstefnu. Við aukningu vöruúrvals skal horft til þess að vöruúrval vínbúðar sé heilsteypt m.t.t. stærðarflokks vínbúðar. Almennri eftirspurn er svarað með framboði á söluhæstu vörum, æskileg fjölbreytni er tryggð með vörudeildum, takmarkaðri eftirspurn má svara með staðbundinni eða tímabundinni aukningu vöruframboðs.

Ef vara í föstu vöruvali vínbúða, er ófánleg frá birgja í a.m.k. 15 daga, þá er ÁTVR heimilt að bæta næstu sambærilegu vöru á vöruvalsskrá í vöruval. Slík aukning stæði út yfirstandandi vöruvalstímabil.

Fjölbreytni er tryggð með framboði vörudeilda, sem æskilegt er talið að bjóða í viðkomandi stærðarflokki vínbúðar. Vörudeildaskrá sýnir skipan vörudeilda í stærðarflokka vínbúða. Niðurstöður aukins vals að þessu leyti eru birtar í vöruvalsskrá við endurskoðun vöruvals.

Sérstakri staðbundinni eftirspurn má svara með sérstöku auknu vali vínbúðar og nærsvæðisvali. ÁTVR hefur umsjón með auknu vali vínbúðar.

Sérstakri tímabundinni eftirspurn má svara með auknu tímabundnu vali. ÁTVR hefur umsjón með slíku vali. Heimila má tímabundna sölu tegunda, þ.m.t. vörur í reynsluflokki í vínbúðum sem að jafnaði selja ekki reynsluflokk.

Aukið vöruúrval er tímabundið og endurskoðast eigi sjaldnar en samhliða almennt endurskoðun á vöruúrvali vínbúða.

## VI. KAFLI

### 18. gr.

#### *Stofnsamningur og umsókn um sölu.*

ÁTVR og birgir, sem hefur leyfi til að selja áfengi í heildsölu, skulu gera með sér sérstakan stofnsamning um vörukaup. Stofnsamningurinn er heildarsamningur og tekur til allra vörukaupa ÁTVR frá birgja. Með undirritun stofnsamnings skuldbindur birgir sig til að hlíta í einu og öllu þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um innkaup og sölu á áfengi hjá ÁTVR.

Vanefni seljandi samningsskyldur sínar, verður gjaldþrota eða ógjaldfær af öðrum ástæðum er ÁTVR heimilt að segja upp öllum samningum aðila fyrirvara- og bótaust.

Til að umsókn um sölu teljist gild þarf að skila vöruvottun og sýnishorni af vörunni, a.m.k. 500 millilítrum og ytri smásöluumbúðum þegar við á. Sé um dýrar sölueiningar að ræða getur ÁTVR frestað eða fallið frá kröfu um sýnishorn. Sýnishorn vegna umsóknar um sölu á vöru er óafturkræft.

ÁTVR samþykkir eða hafnar umsókn innan þriggja vikna frá því að gild umsókn er send. Sé umsókn eða fylgigögnum ábótavant eða ef umsókn er hafnað, skal birgi gerð grein fyrir ágöllum og gefinn kostur á úrbótum og andmælum.

### 19. gr.

#### *Vörukaupasamningur.*

Sérstakur rafrænn vörukaupasamningur er gerður í framhaldi af umsókn um sölu á vöru fyrir hverja vöru um sig. Í vörukaupasamningi er vísað til ákvæða stofnsamnings og gilda þau eftir því sem við á.

Í vörukaupasamningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Verði vara ekki afhent innan 60 daga frá pöntun, hefur ÁTVR heimild til að fella úr gildi vörukaupasamninginn svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.

Vörukaupasamningur um reynslusölu skal gerður a.m.k. mánuði áður en sala í reynsluflokki hefst. Takist samningar eigi fyrir þau tímamörk vegna tómlætis birgis, fellur umsókn hans um sölu vörunnar úr gildi. Verði vara sem hefja á reynslusölu á ekki afhent a.m.k. 4 dögum fyrir upphafsdag sölu skv. vörukaupasamningi, fellur vörukaupasamningurinn úr gildi. Birgir getur óskað eftir því að seinka söluupphafi vöru vegna sérstakra aðstæðna.

Þegar vara í reynsluflokki hefur náð tilskildum árangri til að flytjast í kjarna, fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.

### 20. gr.

#### *Vörubreytingar.*

Vöru verður ekki breytt án samþykkis ÁTVR. Það telst til dæmis breyting á vöru, fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða eða gerð sölueiningar. Birgjar skulu afhenda ÁTVR sýnishorn til samþykktar vegna vörubreytinga, þ.m.t. vegna árgangaskipta. ÁTVR áskilur sér rétt til að fá sýnishorn frá birgja af vöru á að minnsta kosti þriggja ára fresti.

## VII. KAFLI

### 21. gr.

#### *Vörur og umbúðir.*

Birgir ábyrgist að innihald vöru, merkingar, myndmál og umbúðir samræmist reglum upprunalands og íslenskum lögum um matvæli og reglugerðum.

Á umbúðum sölueiningar skulu eftirtalin atriði koma fram með áberandi hætti:

- a. Vöruheiti.
- b. Vöruflokkur.
- c. Magn (lítramál).
- d. Styrkleiki vínanda (m.v. rúmmál).

- e. Lotunúmer.
- f. Dagsetning um neyslutíma („best fyrir“).
- g. Heiti og aðsetur ábyrgðaraðila á evrópska efnahagssvæðinu.
- h. Upplýsingar um notkun brennisteinstvíoxíðs, ofnæmis- og óþolsvalda þar sem við á.

Vara sem hefur merki lífrænnar ræktunar hafi viðurkennda vottun.

Strikamerki, EAN eða UPC, verða að vera á hverri sölueiningu. ÁTVR skal hafna vöru sem ber merki fríhafnarsölu.

Heimilt er að hengja miða á flöskur með uppskriftum eða kynningu á vörunni eða framleiðanda. Áhengi mega hvorki hylja almennar vörumerkingar né valda óhagræði við vörumeðferð né hamla afgreiðslu.

Heimilt er að bjóða vöru í fjölpakka eða pakkningar með fylgihlutum sem tengjast neyslu vöru, s.s. glös eða upptakara.

Dósir skulu vera með áföstum flipa.

ÁTVR getur, telji það tilefni til, krafð birgi um upplýsingar sem staðfesta uppruna vöru.

## 22. gr.

### *Umbúðir og áletranir.*

Umbúðir og áletranir mega einungis innhalda skilaboð er tengjast vörunni, gerð hennar eða eiginleikum. ÁTVR tekur ekki við vörum ef texti eða myndmál á umbúðum vörunnar:

- a. gefa til kynna lægri áfengiskaupaaldur en lög kveða á um eða geta höfðað til barna og unglunga, m.a. með myndskreytingum og slagorðum,
- b. hvetja til áfengisneyslu eða tengjast aðstæðum þar sem neysla áfengis tíðkast ekki eða getur verið hættuleg,
- c. innihalda gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar eða gefa til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu,
- d. særa blygðunarkennd eða brjóta á annan hátt í bága við almennt velsæmi m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmalaskoðana, mismununar, refsiverðrar háttsemi o.s.frv.,
- e. fela í sér happdrætti eða tilboð eða geta talist sérstaklega neysluhvetjandi að öðru leyti.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á markaði.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem inniheldur koffein eða önnur örvandi efni.

Heimilt er að hafna vöru sem er í viðkvæmum eða óhefðbundnum umbúðum eða ef beita þarf sérstökum aðferðum við framsetningu vöru í hillu. ÁTVR tekur afstöðu til ofangreindra skilyrða, með hliðsjón af gerð pakkningar, umfangi, plássi í vínbúðum og verði.

## 23. gr.

### *Form umbúða.*

Umbúðir skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Lagarmál vöru skal vera meira en 50 millilítrar og að hámarki 5 lítrar. ÁTVR getur samþykkt umbúðir úr samsettum einingum sem hver fyrir sig rúmar minna en 50 millilítra en að heild meira en 50 millilítra, ef slíkar vörur eru seldar saman sem ein eining.
- b. ÁTVR samþykkir að jafnaði eftirfarandi umbúðaefni: Gler- eða leirflöskur; áldósir með áföstum flipa, álflöskur; belgi eða kassavín (pappaaskja utan um ál- eða plastpoka með einstreymisloka); pappafernur, t.d. tetra-pak; plastflöskur (fjölhúðaðar); kútar með krana.
- c. Lagarmál fernu eða kassa skal vera að lágmarki 500 millilítrar og að hámarki 3000 millilítrar.

Sé efni umbúða annað en það sem tilgreint er í grein þessari þarf að leita sérstaks samþykkis ÁTVR.

## 24. gr.

*Afhending vöru.*

Hver pöntun skal afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhús ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík. Þó getur ÁTVR við sérstakar aðstæður samið við birgja um afhendingu á vörum á öðrum dreifingarstað sem ÁTVR tilgreinir.

Reikningur skal berast ÁTVR einum virkum degi fyrir afhendingu vöru.

Vara sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 3 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR. Í sérstökum tilvikum er ÁTVR heimilt að leyfa skemmri endingartíma.

Strikamerki, frábrugðið strikamerki söluveiningar, skal vera á hverjum kassa. Vöru sem ekki er afhent í upprunalegum umbúðum má afhenda í ómerktum kassa.

Sé magn vöru í afhendingu meira en sem svarar einu lagi á bretti skal varan afhent á EUR vörubretti. Andvirði vörubretta skal innifalið í vöruverði. Mesta hæð vöru og brettis sé 150 sm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 sm. að hæð, skal vefja vöru plastfilmu.

Hver pöntun skal merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastfilmu, kassa eða vörubretti.

Heimilt er að afhendingarseðill sé rafrænn s.s. strikamerki með pöntunarnúmeri. Ekki er heimilt að afhenda sömu vöru í ólíkum umbúðum á sama pöntunarnúmeri.

ÁTVR getur hafnað móttöku vara séu skilyrði greinarinnar ekki uppfyllt.

## VIII. KAFLI

## 25. gr.

*Ábyrgð.*

Birgir skal taka til sín og endurgreiða við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

Taki birgir eigi til sín gallaða vöru hefur ÁTVR heimild til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.

## 26. gr.

*Verð og greiðsla.*

Verð birgis til ÁTVR skal innihalda áfengisgjald og skilagjald.

Álagning ÁTVR er skv. lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Virðisaukaskattur leggst á verð birgja og álagningu ÁTVR. Söluverð úr vínbúð skal jafnað á næstu krónu.

Peir, sem bjóða vöru í reynsluflokki eða mánaðarflokki, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna sölutímamann. ÁTVR skal greiða lánardrottni selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skulu taka til baka innan 4 daga þá vöru sem óseld kann að vera við lok sölutímans.

Greiðslufrestur fyrir vörur í kjarna og sérflokkum skal ekki vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.

ÁTVR skal birta verðskrá á heimasíðu sinni. Breytingar á söluverði vöru hjá ÁTVR miðast að jafnaði við fyrsta dag hvers mánaðar. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega til ÁTVR eigi síðar en tuttugasta dag hvers mánaðar á undan verðbreytingardegi.

Birgjar geta tilkynnt um breytingar á verði sínu til ÁTVR mánaðarlega. ÁTVR ákveður hvenær breyting á söluverði tekur gildi á vörum í sinni eigu. ÁTVR getur hafnað verðbreytingu frá birgjum á vörum í eigu ÁTVR.

Breyti birgir verði vöru í reynsluflokki, skal ljúka uppgjöri á þegar seldri vöru, færa birgðir óseldrar vöru af lager og skrá hana aftur skv. reikningi birgis á nýju verði. Sala getur fyrst hafist að nýju að færslum loknum.

## IX. KAFLI

27. gr.

*Verðboð.*

Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru sem er til sölu en samningsaðili býður, skal ÁTVR tilkynna þeim birgi, sem varan er keypt frá, að annar birgir hafi boðið sömu vöru. Jafnframt er gildandi vörukaupasamningi sagt upp með 90 daga uppsagnarfresti.

Óska skal verðboðs í vöruna frá birgi og þeim, er nýtt verð bauð, enda geti sá leitt líkur að því að hann geti tryggt samfellt framboð vörunnar í a.m.k. eitt ár. Í verðboði er birgir, sem verðboðs óskaði, skuldbundinn til þess að bjóða a.m.k. jafnlágt verð og hann upphaflega bauð.

Skilyrði fyrir verðboði er að birgir leggi fram eftirfarandi:

- a. að sýnt sé fram á a.m.k. 12 mánaða vöruframboð,
- b. upprunavottorði sé skilað,
- c. sýnishorn sé afhent,
- d. afhendingasaga birgja, sé hún fyrir hendi.

Vörukaupasamningur skal gerður við þann birgi sem uppfyllir ofangreind skilyrði og býður lægra verð. Að 90 dögum liðnum er vara tekin til sölu á grundvelli nýs vörukaupasamnings.

Birgir getur ekki hækkað samningsverð fyrr en að liðnum 90 dögum frá gildistöku nýs vörukaupasamnings.

Birgjar geta ekki óskað verðboðs vegna vöru sem hefur verið skemur en 6 mánuði í kjarna. Tímamörk þessi eiga ekki við, reynist vara ófáanleg frá þeim birgi, sem ÁTVR hafði skipt við. Verðboðs verður eigi óskað oftar en einu sinni innan 12 mánaða vegna sömu vöru.

## X. KAFLI

28. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 11. gr. laga nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, kemur í stað reglna nr. 631/2009, um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. júlí 2011.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

---

*Guðmundur Jóhann Árnason.*

VIÐAUKI 1  
**Flokkun vínþúða.**

Við gildistöku reglugerðarinnar er fjöldi tegunda í vínþúðum eftirfarandi:

- a. Minni vínþúðir með að minnst kosti 100 tegundir eru Vínþúðin í Búðardal, á Djúpavogi, Fáskrúðsfirði, Flúðum, Grundarfirði, Hólmavík, Hvammstanga, Kirkjubæjarklaustri, Seyðisfirði, í Vík, á Vopnafirði, í Þorlákshöfn og á Þórshöfn. Minni vínþúðir með að minnsta kosti 200 tegundir eru Vínþúðin á Blönduósi, Dalvík, í Grindavík, á Húsavík, Hvolsvelli, Höfn, Neskaupstað, í Ólafsvík, á Patreksfirði, Reyðarfirði, Siglufirði og í Stykkishólmi.
- b. Svæðisþúðir eru Vínþúðin á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Hveragerði, á Ísafirði, Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum. Í þeim fást að minnsta kosti 300 tegundir.
- c. Í stærri vínþúðum fást að minnsta kosti 600 tegundir. Þær eru Vínþúðin á Akureyri, í Kópavogi (Dalvegur og Smáralind), Hafnarfirði, Keflavík, Mosfellsbæ, Reykjavík (Austurstræti, Borgartún, Heiðrún, Kringlan, Skeifan, Skútuvogur, Stekkjarbakki), á Selfossi og Seltjarnarnesi.
- d. Allar tegundir í reynsluflokki eru fánlegar í Vínþúðunum Heiðrúnu, Kringlunni og Skútuvogi. Um nánari útfærslu vísast í *Kvíaskjal vínþúða*, sem birt er á heimasíðu ÁTVR.

## VIÐAUKI 2 Siðareglur – "Code of Conduct".

### 1. Samræmi við lög.

Gæta skal samræmis við öll gildandi lög og reglugerðir, lágmarksstaðla greinarinnar, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna og öll önnur viðeigandi laga-ákvæði, og skal miða við ströngustu kröfur. Að því er varðar landbúnað skal virða samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 110.

### 2. Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga.

Allir starfsmenn skulu hafa rétt til að stofna, ganga í eða skipuleggja stéttarfélög að eigin vali og semja í sameiningu á þeirra vegum við fyrirtækið. Fyrirtækið skal virða þennan rétt og skal upplýsa starfsmenn á fullnægjandi hátt um að þeim sé frjálst að ganga í samtök að eigin vali og að slíkt val muni ekki hafa neinar neikvæðar afleiðingar fyrir þá eða leiða til refsiaðgerða af hálfu fyrirtækisins. Fyrirtækið skal ekki blanda sér á neinn hátt í stofnun, virkni eða stjórnun slíkra samtaka starfsmanna eða kjarasamninga. Í tilvikum þar sem félagafrelsi og kjarasamningar lúta takmörkunum samkvæmt lögum skal fyrirtækið veita starfsmönnum frelsi til að velja sér sína eigin málsvara. Fyrirtækið skal tryggja að fulltrúar launamanna og allir starfsmenn sem taka þátt í að skipuleggja samtök launamanna verði ekki fyrir mismunun, áreitni, hótunum eða hefndaraðgerðum vegna aðildar sinnar að samtökum eða vegna þátttöku í aðgerðum verkalýðsfélaga og að slíkir fulltrúar hafi aðgang að þeim meðlimum sem þeir starfa fyrir á vinnustaðnum.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 11, 87, 98, 135 og 154.)

### 3. Bann við mismunun.

Engin mismunun skal liðin í tengslum við ráðningar, launakjör, aðgang að þjálfun, starfsframa, starfslok eða eftirlaun á grundvelli kyns, aldurs, trúar, kynþáttar, stéttar, fæðingarstaðar, félagslegs bakgrunns, fötlunar, þjóðarbrotis eða þjóðernis, ríkisfangs, þátttöku í samtökum launamanna, þar með talið verkalýðsfélögum, stjórnsmálatengsla eða skoðana, kynhneigðar, fjölskylduábyrgðar, hjúskaparstöðu eða annarra aðstæðna sem gætu valdið mismunun.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, 111, 143, 158, 159, 169 og 183.)

### 4. Laun.

Laun sem greidd eru fyrir hefðbundna dagvinnu, yfirvinnutíma og vegna breytilegrar yfirvinnu skulu ná eða vera hærri en lögmæt lágmarkslaun og/eða staðlar greinarinnar. Ólöglegur, óleyfilegur eða refsandi frádráttur frá launum skal ekki gerður. Þar sem lágmarkslaun og/eða staðlar greinarinnar dekkja ekki framfærslukostnað eða bjóða upp á ráðstöfunartekjur eru fyrirtæki hvött til að greiða starfsmönnum sínum nægilega há laun til að uppfylla þessar þarfir. Frádráttur frá launum í refsiskyni er bannaður nema hann sé leyfður í landslögum og að í gildi sé kjarasamningur sem samið var um í frjálsum samningum. Fyrirtæki skulu tryggja að samsetning launa og hlunninda sé sundurliðuð á skýran og reglubundinn hátt fyrir launamönnum; fyrirtækið skal einnig tryggja að laun og hlunnindi séu greidd í fullu samræmi við gildandi lög og endurgjald sé afhent með þeim hætti sem hentar starfsmönnum.

Öll yfirvinna skal greidd samkvæmt hækkuðum taxta eins og skilgreint er í landslögum. Í löndum þar sem hækkaður taxti fyrir yfirvinnu er ekki skilgreindur í lögum eða kjarasamningum skal greiða starfsmönnum yfirvinnu samkvæmt hækkuðum taxta eða í samræmi við gildandi staðla greinarinnar, eftir því hvor aðferðin er hagstæðari fyrir starfsmenn.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 12, 26, 101, 102 og 131.)

### 5. Vinnutími.

Fyrirtækið skal fylgja gildandi landslögum og stöðlum greinarinnar um vinnutíma og lögboðna frídaga. Leyfilegar vinnustundir á viku skulu vera í samræmi við landslög en skulu að jafnaði ekki fara yfir 48 klukkustundir. Leyfilegur hámarksfjöldi yfirvinnutíma á viku skal ekki fara yfir 12

klukkustundir. Yfirvinna skal aðeins unnin af frjálsum vilja og skal greidd á hækkuðum taxa. Í þeim tilfellum þegar þörf er á yfirvinnu til að mæta tímabundinni eftirspurn og fyrirtækið er aðili að kjarasamningi sem samið er um í frjálsum samningum við samtök launafólks (eins og skilgreint er að ofan) sem eru í fyrirsvari fyrir marktækan hluta starfsmanna þess, getur fyrirtækið farið fram á slíka yfirvinnu í samræmi við slíka samninga. Allir slíkir samningar þurfa að vera í samræmi við ofangreindar kröfur.

Starfsmaður hefur rétt á að minnsta kosti einum frídegi í kjölfar sex samfelldra vinnudaga.

Undantekningar frá þessari reglu eiga aðeins við þegar bæði eftirtalinna skilyrða eru fyrir hendi:

- Landslög leyfa að vinnutími fari yfir þessi mörk; og
- Kjarasamningur, sem samið hefur verið um í frjálsum samningum, er í gildi sem leyfir meðaltalsútreikning vinnutíma, að meðtöldum nægum hvíldartíma.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 1 og 14 og tilmæli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 116.)

## 6. Öryggi og heilsuvernd á vinnustað.

Fyrirtækið skal sjá til þess að vinnuumhverfið sé öruggt og heilsusamlegt og skal gera árangursríkar ráðstafanir til að fyrirbyggja möguleg slys og tjón á heilsu starfsmanna sem skapast af, tengist eða á sér stað við vinnu, með því að lágmarka, að því marki sem það er unnt, mögulega hættu í vinnuumhverfinu með tilliti til ráðandi þekkingar í greininni og þekkingar á sérstökum hættum.

Nauðsynlegt er að setja og fylgja skýrum reglum og ferlum um öryggis- og vinnuvernd, sérstaklega að því er varðar afhendingu og notkun persónulegs öryggisbúnaðar, aðgang að hreinlegri salernisaðstöðu, aðgang að drykkjarvatni og, ef við á, aðstöðu fyrir hreinlega geymslu matvæla. Fyrirtækið skal sjá til þess að svefnaðstaða sem starfsmönnum er veittur aðgangur að sé hrein, örugg og fullnægi grunnþörfum starfsfólks.

Allir starfsmenn skulu hafa rétt til að forða sér úr yfirvofandi alvarlegri hættu án þess að leita leyfis hjá fyrirtækinu.

Starfsvenjur á vinnustað og svefnaðstaður sem brjóta gegn grundvallarmannréttindum eru bannaðar. Sérstaklega skal halda ungum starfsmönnum frá hættulegum, óöruggum og óheilnæmum aðstaðum.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 155 og 184 og tilmæli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 164 og 190.)

Mikilvægt er að tilnefna fulltrúa stjórnenda sem ber ábyrgð á öryggi og heilbrigði allra starfsmanna og innleiðingu heilbrigðis- og öryggisreglna BSCI. Allir starfsmenn skulu fá reglulega og skráða þjálfun á sviði öryggis og heilsuverndar, og skal þjálfunin endurtekin fyrir nýtt starfsfólk eða þá sem fluttir hafa verið til. Koma skal á fót kerfum sem nema, forða eða bregðast við mögulegri hættu sem kann að stöðja að heilbrigði eða öryggi allra starfsmanna.

## 7. Bann við barnavinnu.

Lagt er bann við barnavinnu eins og hún er skilgreind af Alþjóðavinnuumálastofnuninni og í samþykktum Sameinuðu þjóðanna og/eða samkvæmt landslögum. Af þessum mismunandi viðmiðum skal fylgja þeim sem eru ströngust gagnvart vinnuveitanda. Öll misnotkun barna er bönnuð. Vinnuaðstaður sem líkjast þrælahaði eða eru skaðlegar heilsu barna eru bannaðar. Vernda þarf réttindi ungra starfsmanna. Í tilfellum þar sem börn búa við vinnuaðstaður, sem falla undir skilgreininguna hér að ofan um barnavinnu, skal setja stefnu og skriflega verkferla til að endurhæfa börn sem hafa verið við vinnu og skal fyrirtækið sjá um það og skrásetja. Ennfremur skal fyrirtækið veita fullnægjandi fjárhagsstuðning og aðra aðstoð til að gera börnunum kleift að ganga í skóla þar til þau teljast ekki lengur börn.

Fyrirtækið má ráða unga starfsmenn, en ef þessir ungu starfsmenn lúta lögum um skólaskyldu mega þeir aðeins vinna utan skólatíma. Í engum tilfellum skal skóli, vinna og ferðatími nokkurra ungra starfsmanna vera samanlagt meira en 10 klst. á dag og í engu tilfelli skal ungu starfsmaður vinna meira en 8 klst. á dag. Ungir starfsmenn mega ekki vinna næturvinnu.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 10, 79, 138, 142 og 182 og tilmæli nr. 146.)

**8. Bann við nauðungar- og þvingunarvinnu og refsiaðgerðir.**

Allar tegundir nauðungarvinnu, t.d. ef starfsmönnum er gert að leggja fram tryggingu eða afhenda persónuskilríki til varðveislu við upphaf starfs, eru bannaðar, sem og fangavinna sem brýtur gegn grundvallarmannréttindum.

Hvorki fyrirtækið né einhver sá aðili sem útvegar vinnuafli til fyrirtækisins skal halda eftir nokkrum hluta launa starfsmanna, hlunnindum, eigum eða skjölum í því augnamiði að þvinga starfsmenn til að halda áfram að vinna fyrir fyrirtækið.

Starfsmenn skulu eiga rétt á að yfirgefa vinnustaðinn eftir að hefðbundnum vinnudegi er lokið og skal vera frjálst að hætta störfum enda segi þeir upp með sanngjörnum fyrirvara gagnvart vinnuveitanda.

Hvorki fyrirtækið né einhver sá aðili sem útvegar vinnuafli til fyrirtækisins skal taka þátt í eða styðja mansal.

Fyrirtækið skal koma fram við starfsmenn af reisu og virðingu. Fyrirtækið skal ekki taka þátt í eða líða notkun líkamlegra refsinga, andlegs eða líkamlegs ofbeldis eða munnlegra svívirðinga gagnvart starfsmönnum.

(Í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 29 og 105.)

**9. Umhverfis- og öryggismál.**

Starfshættir og viðmið við sorphirðu, meðhöndlun og losun iðefna og annarra hættulegra efna, útblásturs og frárennslis skulu uppfylla lágmarkskröfur laga.

**10. Stjórnunarkerfi.**

Fyrirtækið skal skilgreina og innleiða stefnu um samfélagslega ábyrgð og stjórnkerfi til að tryggja að skilyrði siðareglna þessara séu uppfyllt, sem og stefnu til að sporna við mútum og spillingu í allri atvinnustarfsemi þeirra. Stjórnendur bera ábyrgð á réttri innleiðingu og stöðugum umbótum með því að gera ráðstafanir til úrbóta og með reglubundinni endurskoðun siðareglanna, sem og miðlun upplýsinga um ákvæði siðareglanna til allra starfsmanna. Stjórnendur skulu einnig bregðast við ábendingum starfsmanna um að siðareglunum sé ekki fylgt.